FUNDARGERÐ

10. Stjórnarfundur 28. september 2026

Gestir fundarins eru: Halldóra Inga - fjármálastjóri, Bragi Reynisson – Utanumhald gagna, Sædís Ósk Helgadóttir og Edda María Einarsdóttir áheyrnarfulltrúi ungmenna

Dagsetning: 28.09.2026

Mætt/ir: Guðrún Stefánsdóttir, Harpa Ósk Valgeirsdóttir, Þórhallur Helgason, Jakob Burgel, Reynir Tómas Reynisson, Sævar Skaptason, Þórhallur Helgason, Sædís Ósk Helgadóttir og Björk Norðdahl.

Fundarstjóri: Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Fundarritari: Sædís Ósk Helgadóttir

Fundur settur: 17:34

1. Fjármál BÍS (Halldóra Inga)
    a. Drög að uppgjöri Landsmóts. Farið yfir helstu atriði sem tengjast uppgjöri Landsmóts og hvaða útgjöld eigi eftir að fá á hreint.
    b. Staða Jamboree 2027. Farið yfir hvernig staðan er á gjöldum tengdum Jamboree. Hversu mikið af mótsgjöldum eru komin inn og komin tímalína fyrir útgjöldunum fram að mótinu. Erum komin með staðfest verð í flug og helsta búnaðinn eins og tjöldin og töskurnar. Fáum töskurnar í gegnum Helly Hansen. Erum einnig búin að ganga frá eftirmótsferðunum og komin með áætlun varðandi greiðslu á helstu útgjöldum.
2. Staða stórra verkefna og næstu skref
    a. Hringferðin (GS)
        i. Erum búin að endurvekja Skátafélagið Hólmverja í Stykkishólmi
        ii. Húsavík hafa verið jákvæð
        iii. Búið að tala við bæjarstjórnina á Þingeyri
        iv. Þarft að stækka þennan hringferðahóp til að geta gripið mismunandi bolta, t.d. líka að styðja við skátafélögin út á landi sem standa höllum fæti
        v. Mögulegt samstarf við ungmennaráð varðandi mismunandi boð hjá sveitarfélögum eða bæjum um pop-up viðburði tengdum skátastarfi. Mögulega hægt að heyra í félagaþrennunni
    b. Samtal þjóðar (ÞH)
        i. Erum búin að búa til rosalega flotta þjálfunar dagskrá, búið að hanna viðurkenningarskjal og komin með flottan hóp af þjálfum

ii. Stofnað var sér félag í kringum daginn sem heitir Samtal. BÍS er einn af stofnendum félagsins ásamt því að sitja í stjórn félagsins.

c. Safe from harm (SÓH) – aðgerðarlisti og byrjað að vinna á þeim hlutum sem WOSM minntist sérstaklega á.

i. Byrjað að gera drög að stefnu BÍS tengt öruggu skátastarfi

ii. Skipunarbréf SfH coordinator

iii. Námskrá frá foringjanámskeiðunum okkar

d. Vatnsveitan (RTR)

i. Við eigum vatnsból á Úlfljótsvatni, það eru komnir fleiri neytendur á svæðinu sem mun líklega fjölga. Ætlum að stofna félag í kringum vatnsbólið í samstarfi við Skógræktarfélagið.

3. Matur
4. Stefna BÍS -frestað
5. Önnur mál

a. Heilsufarsskýrslur (Bragi)

i. Ræddi um möguleikann að halda utan um gögn inni í sharepoint kerfi bandalagsins en nýta gervigreind til að vinna með gögnin. Laddi og Óskar skoða þetta betur.

b. Forvarnardagurinn

i. Næsta fimmtudag, 1. október hátíð sem skátunum er boðið á. Erum meðlimir að deginum er fer að mestu fram í gegnum skólana.

c. Skátaþing, staðsetning. Árborg. Sædís og Halldóra ætla að heyra í Fossbúum varðandi undirbúning Skátaþings.

d. Skipa auka meðlim í ungmennaráð. Samþykkt að bæta við Arnari Frey, Mosverja.

e. Fararstjórn Roverway 2028 – Skrifstofa byrjar að undirbúa útkall.

f. Landsmót 2029

i. Skipa undirbúningshóp núna til þess að skoða ákveðna mikilvæga hluti í tengslum við undirbúning mótsins. T.d. styrki við fjármagnið og undirbúnings mótssvæðisins. Mikilvægt að hafa með einhvern frá Úlfljótsvatni með í hópnum.

g. Félagsforingjafundur – miðvikudaginn 18. nóvember, kl. 19:30-21:00. Skrifstofan finnur fundarstað.

Næsti fundur 12. október.